

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.  
Ársreikningur 2024

Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf.  
Skógarbraut 946  
262 Reykjanesbær  
Kt. 701006-0970

# Efnisyfirlit

---

|  | Bls. |
|--|------|
| Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra ..... | 3    |
| Áritun Ríkisendurskoðunar .....                      | 4    |
| Rekstrarreikningur .....                             | 6    |
| Efnahagsreikningur .....                             | 7    |
| Sjóðstreymisyfirlit .....                            | 8    |
| Skýringar .....                                      | 9    |

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Tilgangur félagsins er að leiða formlegt samstarf ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurlugvöll og nærsvæða. Samkomulag um samstarfið var undirritað 16. desember 2019.

Hlutverk félagsins er að leiða stefnumótun og greiningu á tækifærum fyrir svæðið í heild sem auki samkeppnishæfni flugvallarins og þar af leiðandi svæðisins. Að setja fram heilsteypt skipulag fyrir svæðið sem felur í sér skýra forgangsröðun uppbyggingar lands sem samkomulag aðila tekur til þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi á öllum stigum skipulags og þróunar. Að kynna og markaðssetja svæðið, koma fram sem samningsaðili við þá sem hafa hug á fjárfestingu og uppbyggingu á svæðinu og ráðstafa eftir atvikum lóðum og innheimtu byggingarréttar og lóðarleigu að lokinni skipulagsvinnu á gagnsæjan og opinn hátt.

## Rekstur ársins 2024

Rekstrartekjur félagsins námu 102,2 millj. kr. á árinu 2024 og hækkuðu um 32,2 millj. kr. milli ára eða um 46%. Tap félagsins á árinu 2024 nam 121,7 millj. kr.

Eigið fé félagsins í árslok nam 1.029,1 millj. kr. (2023: 1.150,8 millj. kr.) að meðtöldu hlutafé félagsins að fjárhæð 20,0 millj. kr. Stjórn félagsins leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa á árinu 2025 en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um jöfnun taps og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Félagið vinnur í samræmi við samþykktu fimm ára áætlun (2020-2025) og er gert ráð fyrir taprekstri þessi fimm ár og er hann að fullu fjármagnaður af eigin fé.

Innheimtur útlagður kostnaður vegna lóðarleigu (skýring 8) innifelur meðal annars umsýslu umhverfismála á Ásbrú, lögfræðipjónustu vegna lóðamála og gerðar lóðarleigusamninga auk hreinsunar og eftirlits vegna mengunar á starfssvæði félagsins.

Undir öðrum rekstrarkostnaði í rekstrarreikningi (skýring 10) er kostnaður sem ekki er beintengdur rekstri skrifstofu félagsins, svo sem laun, akstur og annað. Má þar nefna kostnað vegna þróunarverkefna, markaðssetningu svæðisins, kaup á ráðgjafarþjónustu og fleira.

Meðalfjöldi starfsmanna félagsins á árinu umreiknaður í heilsársstörf (ársverk) var fimm (2023: fimm).

Hlutafé er að fullu í eigu Ríkissjóðs Íslands í árslok líkt og í ársbyrjun.

Stjórn og framkvæmdastjóri Þróunarfélags Keflavíkurlugvallar ehf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2024 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Ásbrú, apríl 2025

Stjórn (rafræn undirritun)  
Steinunn Sigvaldadóttir  
Einar Jón Pálsson  
Eva Stefánsdóttir  
Guðmundur Daði Rúnarsson  
Páll Jóhann Pálsson

Framkvæmdastjóri:  
Pálmi Freyr Randversson

# Áritun Ríkisendurskoðunar

## Til stjórnar og hluthafa Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.

### Álit

Ársreikningur Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf fyrir árið 2024 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. 31. desember 2024, afkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2024, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að búa álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

### Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri (stjórnendur) eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa félagið upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

### Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg víska er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

# Áritun Ríkisendurskoðunar frh.

---

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggir á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Afklar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að vika frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn félagsins um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, apríl 2025

(rafræn undirritun)

Guðmundur Björgvin Helgason  
ríkisendurskoðandi

## Rekstrarreikningur árið 2024

|  | Skýr.     | 2024                  | 2023                  |
|--|-----------|-----------------------|-----------------------|
| <b>Rekstrartekjur</b>                                    |           |                       |                       |
| Umsýslutekjur vegna lóðaleigu .....                      |           | 11.250.757            | 11.033.144            |
| Aðrar tekjur .....                                       | 8         | 90.944.307            | 58.967.033            |
|  |           | 102.195.064           | 70.000.177            |
| <b>Rekstrargjöld</b>                                     |           |                       |                       |
| Laun og launatengd gjöld .....                           | 9         | 116.874.660           | 104.534.987           |
| Annar rekstrarkostnaður .....                            | 10        | 216.135.994           | 185.456.013           |
|  |           | 333.010.654           | 289.991.000           |
| Rekstrartap fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld ..... | (         | 230.815.590)          | ( 219.990.823)        |
| <b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld</b>                  |           |                       |                       |
| Vaxtatekjur .....  |           | 109.530.147           | 102.207.617           |
| Vaxtagjöld .....   | (         | 497)                  | ( 339)                |
| Gengismunur .....  | (         | 407.216)              | ( 532.529)            |
|  |           | 109.122.434           | 101.674.749           |
| <b>Tap ársins .....</b>                                  | <b>15</b> | <b>( 121.693.156)</b> | <b>( 118.316.074)</b> |

## Efnahagsreikningur 31. desember 2024

|                                    | Skýr. | 2024                 | 2023                 |
|------------------------------------|-------|----------------------|----------------------|
| <b>Eignir</b>                      |       |                      |                      |
| Eignarhlutir í öðrum félögum ..... | 12    | 157.621              | 157.621              |
| Fastafjármunir                     |       | 157.621              | 157.621              |
| Viðskiptakröfur .....              |       | 3.028.739            | 5.007.535            |
| Aðrar skammtímakröfur .....        |       | 24.763.876           | 22.493.208           |
| Handbært fé .....                  |       | 1.221.820.425        | 1.301.243.745        |
| Veltufjármunir                     |       | 1.249.613.040        | 1.328.744.488        |
| <b>Eignir samtals</b>              |       | <b>1.249.770.661</b> | <b>1.328.902.109</b> |
| <b>Eigið fé</b>                    |       |                      |                      |
| Hlutfé .....                       | 14    | 20.000.000           | 20.000.000           |
| Lögbundinn varasjóður .....        |       | 5.000.000            | 5.000.000            |
| Óráðstafað eigið fé .....          |       | 1.004.124.963        | 1.125.818.119        |
| Eigið fé                           | 15    | 1.029.124.963        | 1.150.818.119        |
| <b>Skuldir</b>                     |       |                      |                      |
| Viðskiptaskuldir .....             |       | 45.753.512           | 9.733.311            |
| Skuldir við tengda aðila .....     | 17    | 165.937.657          | 159.841.602          |
| Aðrar skammtímaskuldir .....       |       | 8.954.529            | 8.509.077            |
| Skammtímaskuldir                   |       | 220.645.698          | 178.083.990          |
| Skuldir samtals                    |       | 220.645.698          | 178.083.990          |
| <b>Eigið fé og skuldir samtals</b> |       | <b>1.249.770.661</b> | <b>1.328.902.109</b> |

## Sjóðstreymisyfirlit árið 2024

|  | Skýr. | 2024                        | 2023                        |
|--|-------|-----------------------------|-----------------------------|
| <b>Rekstrarhreyfingar</b>                        |       |                             |                             |
| Tap ársins .....                                 | 15    | ( 121.693.156)              | ( 118.316.074)              |
| Veltufé til rekstrar .....                       |       | <u>( 121.693.156)</u>       | <u>( 118.316.074)</u>       |
| Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:  |       |                             |                             |
| Skammtímakröfur, hækkun .....                    |       | ( 291.872)                  | ( 5.760.286)                |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....          |       | <u>36.465.653</u>           | <u>( 46.935.847)</u>        |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda ..... |       | <u>36.173.781</u>           | <u>( 52.696.133)</u>        |
| Handbært fé til rekstrar .....                   |       | <u>( 85.519.375)</u>        | <u>( 171.012.207)</u>       |
| <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>                    |       |                             |                             |
| Skuldir við tengda aðila, breyting .....         |       | <u>6.096.055</u>            | <u>22.027.328</u>           |
| Fjármögnunarhreyfingar .....                     |       | <u>6.096.055</u>            | <u>22.027.328</u>           |
| <b>Lækkun á handbæru fé .....</b>                |       | <u>( 79.423.320)</u>        | <u>( 148.984.879)</u>       |
| <b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>             |       | <u>1.301.243.745</u>        | <u>1.450.228.624</u>        |
| <b>Handbært fé í árslok .....</b>                |       | <u><u>1.221.820.425</u></u> | <u><u>1.301.243.745</u></u> |



# Skýringar

## 1. Félagið

Próunarfélagi Keflavíkurflugvallar ehf. („Félagið“) er íslenskt einkahlutafélag og er lögheimili þess að Skógarbraut 946, Reykjanesbæ. Starfsemi félagsins er að leiða formlegt samstarf ríkisins, Isavia, Reykjanesbæjar og Suðurnesjabæjar um skipulag, þróun, hagnýtingu og markaðssetningu lands við Keflavíkurflugvöll og nærsvæða.

## Reikningsskilaaðferðir

## 2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

## 3. Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á skráðu gengi í lok ársins. Gjaldmiðlagengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

## 4. Innlausn tekna

Félagið sér um innheimtu lóðaleigu fyrir íslenska ríkið vegna lóða að Ásbrú. Félagið fær 5% umsýsluþóknun vegna innheimtrar lóðaleigu auk útlagðs kostnaðar vegna innheimtu. Tekjur er færðar þegar þær eru áunnar.

## 5. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisrýrnun, ef við á.

## 6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

## 7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

## 8. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:

|  | 2024       | 2023       |
|--|------------|------------|
| Seldur byggingaréttur .....                          | 30.000.000 | 0          |
| Innheimtur útlagður kostnaður vegna lóðarleigu ..... | 60.944.307 | 58.967.033 |
| Aðrar tekjur samtals .....                           | 90.944.307 | 58.967.033 |

## 9. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

|  | 2024        | 2023        |
|--|-------------|-------------|
| Laun .....                             | 87.542.606  | 77.401.053  |
| Mótframlag í lífeyrissjóð .....        | 12.706.610  | 11.646.650  |
| Önnur launatengd gjöld .....           | 8.378.935   | 7.337.859   |
| Áfallið orlof, breyting .....          | 314.509     | 1.751.136   |
| Akstur starfsmanna .....               | 7.932.000   | 6.398.289   |
| Laun og launatengd gjöld samtals ..... | 116.874.660 | 104.534.987 |

Ársverk .....

|  |   |   |
|--|---|---|
|  | 5 | 5 |
|--|---|---|

Laun stjórnar og framkvæmdastjóra námu samtals 36,9 millj. kr. á árinu 2024 (2023: 33,7 millj. kr.).

# Skýringar

## 10. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinast þannig:

|  | 2024        | 2023        |
|--|-------------|-------------|
| Rekstur húsnæðis .....                   | 6.184.676   | 6.847.987   |
| Umsýsla lóða .....                       | 13.712.249  | 49.384.304  |
| Ráðgjafakostnaður .....                  | 37.954.233  | 7.756.052   |
| Kostnaður vegna þróunarverkefna .....    | 86.418.431  | 49.174.160  |
| Verkefna- og markaðskostnaður .....      | 34.437.968  | 41.065.083  |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður ..... | 28.675.627  | 25.412.018  |
| Markaðskostnaður .....                   | 1.015.746   | 1.334.962   |
| Ýmis annar rekstrarkostnaður .....       | 7.737.064   | 5.339.809   |
| Niðurfærsla krafna, breyting .....       | 0           | ( 858.362)  |
| Annar rekstrarkostnaður samtals .....    | 216.135.994 | 185.456.013 |

## 11. Tekjuskattur

Tekjuskattur greinist þannig:

| Virkt skatthlutfall:                           | 2024              | 2023              |
|--|-------------------|-------------------|
| Tap fyrir tekjuskatt .....                     | ( 121.693.156)    | ( 118.316.074)    |
| Tekjusk. miðað við gildandi skatthlutf. ....   | 21% 25.555.563    | 20% 23.663.215    |
| Áhrif breytinga á skatthlutfalli .....         | 1% ( 1.192.180)   | 0% 0              |
| Óráðráttarþær kostnaður .....                  | 0% ( 4.389)       | 0% ( 4.040)       |
| Niðurfærsla skatteignar .....                  | 20% ( 23.843.590) | 20% ( 23.659.175) |
| Leiðrétt yfirfæranlegt tap frá fyrra ári ..... | 0% ( 515.404)     | 0% 0              |
| Tekjuskattur færður í rekstrarreikning .....   | (0%) 0            | 0% ( 0)           |

## 12. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í félögum greinast þannig:

|   | 2024         |              | 2023         |              |
|---|--------------|--------------|--------------|--------------|
|   | Eignarhlutur | Bókfært verð | Eignarhlutur | Bókfært verð |
| Fluglestin - þróunarfélag ehf., Reykjanesbær .. | 20,4%        | 157.621      | 20,4%        | 157.621      |
|   |              | 157.621      |              | 157.621      |

## 13. Skatteign

Skatteign greinist þannig:

|                                    | 2024           | 2023           |
|------------------------------------|----------------|----------------|
| Viðskiptakröfur .....              | 740.000        | 740.000        |
| Frestaður gengismunur .....        | 89.797         | 151.781        |
| Yfirfæranlegt skattalegt tap ..... | 204.974.967    | 181.069.393    |
| Niðurfærsla skatteignar .....      | ( 205.804.764) | ( 181.961.174) |
| Skatteign í árslok .....           | 0              | 0              |

## 14. Hlutfé

Heildarhlutfé samkvæmt samþykktum félagsins er 20,0 millj. kr. og fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut.

# Skýringar

## 15. Yfirlit eiginfjárreikninga

|                          | Hlutfé     | Lögbundinn<br>varasjóður | Óráðstafað<br>eigið fé | Samtals        |
|--------------------------|------------|--------------------------|------------------------|----------------|
| Eigið fé 1.1.2023.....   | 20.000.000 | 5.000.000                | 1.244.134.193          | 1.269.134.193  |
| Tap ársins .....         |            |                          | ( 118.316.074)         | ( 118.316.074) |
| Eigið fé 31.12.2023..... | 20.000.000 | 5.000.000                | 1.125.818.119          | 1.150.818.119  |
| Tap ársins .....         |            |                          | ( 121.693.156)         | ( 121.693.156) |
| Eigið fé 31.12.2024..... | 20.000.000 | 5.000.000                | 1.004.124.963          | 1.029.124.963  |

## 16. Yfirfæranlegt skattalegt tap

Ójafnað skattalegt tap í árslok 2024 nam 1.024,9 millj. kr. Yfirfæranlegt skattalegt tap sem ekki nýtist á móti hagnaði innan tíu ára frá því að það myndast fellur niður. Yfirfæranlegt skattalegt tap í árslok 2024 er nýtanlegt sem hér segir:

|  | 2024          | 2023        |
|--|---------------|-------------|
| Skattalegt tap ársins 2018, nýtanlegt til ársloka 2028 ..... | 9.885.898     | 9.885.898   |
| Skattalegt tap ársins 2020, nýtanlegt til ársloka 2030 ..... | 158.189.192   | 158.189.192 |
| Skattalegt tap ársins 2021, nýtanlegt til ársloka 2031 ..... | 237.355.099   | 237.355.099 |
| Skattalegt tap ársins 2022, nýtanlegt til ársloka 2032 ..... | 378.190.581   | 378.190.581 |
| Skattalegt tap ársins 2023, nýtanlegt til ársloka 2033 ..... | 119.271.890   | 119.271.890 |
| Skattalegt tap ársins 2024, nýtanlegt til ársloka 2034 ..... | 121.982.175   |             |
| Ójafnað skattalegt tap samtals .....                         | 1.024.874.835 | 902.892.660 |

## 17. Tengdir aðilar

Tengdir aðilar eru þeir aðilar sem hafa umtalsverð áhrif á félagið, beint eða óbeint, þ.m.t. hluthafar með yfirráð eða veruleg áhrif, stjórnarmenn, lykilstarfsmenn og fjölskyldur þeirra sem og aðilar sem er stjórnað af eða eru verulega háðir félaginu, s.s. hlutdeildarfélag og samrekstrarfélag. Viðskipti við tengda aðila hafa verið gerð á sambærilegum grundvelli og viðskipti við ótengda aðila. Í árslok 2024 nemur skuld félagsins við hluthafa sinn 165,9 millj. kr. Um er að ræða innheimta lóðarleigu fyrir hönd hluthafa að frádregnum kostnaði.